

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Deiliskipulag Vigrahólts, deiliskipulag fyrir íbúðarhús, frístundabyggð og verslun og þjónustu.
Þann 26. september 2024 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að deiliskipulagi Vigrahólts.

Markmið deiliskipulagstillögunnar eru:

Að landgæði svæðisins verði nýtt undir aðlaðandi hótél með baðlóni og veitingaaðstöðu auk handverksbrugghúss, frístundabyggð og heilsárshús.

Að jarðrask verði sem minnst.

Að opin svæði myndi gott aðgengi út í náttúruna og meðfram strandlengjunni.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 33 frístundahúsalóðum, lóðum fyrir hótél og verslun og þjónustu og 10 lóðir fyrir heilsárshús. Lóðirnar eru breytilegar að stærð frá um 7.414 m² - 142.638 m².

Deiliskipulag Birkilundar í landi Saura.

Þann 28. nóvember 2024 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að deiliskipulagi Birkilundar.

Skipulagssvæðið er rúmlega 55 ha að stærð. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina nánar skipulags- og byggingarskilmála í Birkilundi. Innan deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar 40 frístundalóðir sem eru nú þegar stofnaðar, nema Birkilundur 16a, og búið að byggja á sumum lóðum. Á norðanverðu svæðinu eru skilgreindar 15 íbúðarlóðir sem eru nú þegar stofnaðar og byggðar, allar nema Birkilundur 35, 40a, 50a og 50b. Einnig er gert ráð fyrir stórra lóð fyrir útleiguhús á austanverðu skipulagssvæðinu. Lóðirnar eru á bilinu 3.025 m² - 27.249 m² að stærð, en flestar eru um 5.000 m².

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 7. mars 2025.

Puríður Ragna Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. mars 2025